



FÉLAG ÍSLENSKRA SJÚKRAÞJÁLFA

Reykjavík 27. nóvember 2007.

Stjórn Félags íslenskra sjúkraþjálfara (FÍSP) fagnar því að fá til umsagnar á ný tillögu til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu, þskj. 32 – 32.mál.

Félag íslenskra sjúkraþjálfara er fagfélag sjúkraþjálfara á Íslandi. Fagnefnd félagsins hefur síðastlíðin 3 ár, eða allt frá árinu 2004, unnið að innleiðingu hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu. Fagnefndin hefur því verið að kynna sér hvernig þessum verkefnum hefur verið ýtt af stað og fylgt eftir í nágrannalöndum okkar. Norræn félög sjúkraþjálfara hafa veitt FÍSP upplýsingar og einnig hefur umræða átt sér stað innan Evrópusamtaka sjúkraþjálfara og auðvitað meðal sjúkraþjálfara hér á landi. Einnig hefur Fagnefndin útbúið líkan af hreyfiseðli fyrir sjúkraþjálfara og hafa sjúkraþjálfarar í Garðabæ unnið eftir því í tilraunaverkefni heilsugæslu Garðabæjar sem hefur staðið yfir frá haustinu 2006.

Einnig hafa fulltrúar félagsins fundað með landlækni, fulltrúum heilbrigðisráðuneytis og nemendum úr V&L námi við Endurmenntunarstofnun HÍ, um hvernig heppilegast væri að standa að þessum málum hér á landi.

**Umsögn FÍSP um tillögu til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu er eftirfarandi:**

Sjúkraþjálfarar eru löggilt heilbrigðisstétt, sem hafa að lágmarki fjögurra ára háskólanám að baki. Megináherslur námsins eru á stoð- og hreyfikerfi líkamans ásamt sjúkdómafræði. Sjúkraþjálfun felur meðal annars í sér að eftir greiningu og mat á sjúkdómseinkennum, er fundin heppileg og viðeigandi hreyfing og þjálfun sem meðferð við hinum ýmsu sjúkdómum og einkennum þeirra.

Töluverð vinna af hálfu félagsins hefur verið sett í þennan málaflokk enda málið algjörlega í takt við það sem sjúkraþjálfun byggir á. Það er mat FÍSP að ávinningur af slíku kerfi sé augljós ef horft er til bæði meðferðar- og forvarnagildis hreyfingar. Það mat er byggt á vísindalegum gagnreyndum rannsóknum um áhrif hreyfingar. Einnig má áætla að ávinningurinn sé bætt lífsgæði einstaklinga og jafnvel lækkun lyfjakostnaðar. Þetta gæti síðan leitt til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu.



## FÉLAG ÍSLENSKRA SJÚKRAPJÁLFARA

Stjórn FÍSP telur að ekki sé nein þörf fyrir að setja á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem ættu að hafa umsjón með hreyfingar-, lífstíls- eða þjálfunaráætlunum. Eins og fram hefur komið eru hér á landi velmenntaðir sjúkrapjálfarar sem hafa mikla þekkingu á þessu sviði og einnig eru aðrar fagstéttir sem vissulega koma að þessum málum s.s. íþróttakennarar og íþróttافرæðingar. Þess má geta að í meðal annars Svíþjóð og Danmörku eru sjúkrapjálfarar aðalráðgjafar sjúklinga sem taka þátt í hreyfiseðlinum.

Engu að síður hefur Fagnefnd FÍSP þær hugmyndir að þeir sjúkrapjálfarar sem ætla að vinna með hreyfiseðil verði vottaðir sem meðferðaraðilar þar sem ákveðnar kröfur verða gerðar um þekkingu, aðstöðu, skráningu og árangursmælingar. Fagnefndin hefur þegar skipulagt vottunarferli fyrir sjúkrapjálfa sem hafa áhuga á að starfa með hreyfiseðil í heilbrigðiskerfinu.

Mikilvægt er að byggja kerfið upp á skynsamlegan máta og nauðsynlegt er að meta árangur af fyrirkomulaginu. Mat FÍSP er að þær tillögur sem lagðar eru fram í verkefni nema í V&L náminu falli vel að íslensku heilbrigðiskerfi bæði með tilliti til aðgengis að þjónustu sem og eftirfylgni á árangri.

Því fagnar FÍSP þeirri tillögu sem lögð hefur verið fram um að skipa nefnd til að undirbúa notkun hreyfiseðla í íslenska heilbrigðiskerfinu. Að sama skapi lýsir stjórn Félags íslenskra sjúkrapjálfa sig reiðubúna til að skipa fulltrúa í þá nefnd sem vinna mun málinu brautargengi.

Virðingarfyllst,

Fagnefnd og stjórn Félags íslenskra sjúkrapjálfa,

Auður Ólafsdóttir (formaður), Héðinn Jónsson, Elías J. Friðriksson, Ásdís Kristjánsdóttir,  
Matja Dise M. Steen, Mundína Á Kristinsdóttir, Ása Dagný Gunnarsdóttir, Halldóra  
Eyjólfsdóttir

**“Hreyfiseðilsverkefnið” í Garðabæ**  
Þátttakendur - Starfslýsing


- **Heilsugæslan í Garðabæ (HG)**
  - Læknar (Ýmsir)
    - ✓ Val á einstaklingum í verkefnið
    - ✓ Skoðun, mælingar og próf
    - ✓ Kynna og gefa út hreyfiseðla
    - ✓ Sjá um lyfjamál ef einhver eru
    - ✓ Eru í samráði við SÞ vegna ástand sjúklings og framgangs meðferðar
    - ✓ Eftirfylgni (viðtal á 4., 8. og 12. mán. frá byrjun meðferðar nema annað sé ákveðið eða ef upp koma vandamál)
  - Hjúkrunarfræðingur (Svava Guðnadóttir)
    - ✓ Næringarráðgjöf að ósk læknis eða sjúkraþjálfara
  - Félagsráðgjafi (Helga Ingunn Ágústsdóttir)
    - ✓ Félagsráðgjöf að ósk læknis eða sjúkraþjálfara
  
- **Sjúkraþjálfun Garðabæjar (SÞ)**
  - Sjúkraþjálfarar (Axel Bragason og Halldór Viglundsson)
    - ✓ Skoðun, mælingar og próf (samantekt gagna í ferilsskrá sjúklings)
    - ✓ Fræðsla
    - ✓ Ráðgjöf um hreyfingu við hæfi og leit að úrræðum
    - ✓ Eru í samráði við HG (lækna, hjúkrunarfræðing og félagsráðgjafa)
    - ✓ Eru í samráði við ÍF vegna námskeiða
    - ✓ Eru í samráði við HA (veita HA grunnuppl. um ástand sjúklings og fá þaðan uppl. Um framgang meðferðar)
    - ✓ Eftirfylgni og aðhald (mælingar og próf á 2., 4., 8. og 12. mán. frá byrjun meðferðar nema annað sé ákveðið eða ef upp koma vandamál)
    - ✓ Í samvinnu við SB vegna verkefnis í tengslum við “hreyfiseðilsverkefnið” í Garðabæ
  
- **Hreyfiaðilar (HA)**
  - Íþróttfræðingar (Ýmsir)
    - ✓ Kynna sér “hreyfiseðilsverkefnið”
    - ✓ Eru í samráði við SÞ vegna ástands sjúklings í byrjun, framgangs meðferðar eða ef upp koma vandamál
    - ✓ Kynna sér ástand sjúklings og gera æfingaáætlun við hæfi
    - ✓ Halda mætingaskrá
    - ✓ Eru í samráði við ÍF vegna breytinga á námskeiðum
  
- **Íþróttafulltrú Garðabæjar (ÍF)**
  - Íþróttafulltrúi (Gunnar Örn Erlingsson)
    - ✓ Tengiliður milli SÞ og hóps HA
    - ✓ Heldur utan um hvaða námskeið eru í boði, kostnað vegna þeirra o.fl.
  
- **Aðrir (SB)**
  - Snjólaug Bjarnadóttir íþróttfræðingur og nemi í lýðheilsufræðum
    - ✓ Samantekt gagna frá SÞ vegna verkefnis í tengslum við “hreyfiseðilsverkefnið” í Garðabæ (háð leyfi persónuverndar/vísindasiðanefndar)

Sjúklingur:

- ✓ Á rétt á að leita til HG eða SP komi upp vandamál
- ✓ Fær möppu til að halda utan um þau gögn sem honum fylgja, td. niðurstöður mælinga og prófa, upplýsingabæklingar o.fl.
- ✓ Á rétt á faglegri leiðsögn í hreyfingu við hæfi
- ✓ Skrifar undir upplýst samþykki vegna gagnasöfnunar og samning um notkun hreyfiseðilsins


Hreyfisetur

Markaðsþing




Offið  
 hjartal/ata  
 Sjúkshúsi  
 Gízi  
 þungvinnu

Benni  
 ky  
 ann  
 ta þr  
 þrið  
 sykur  
 tími (ávin)  
 lífsgei  
 milti/mirgati



-MAT / RÁÐGJÖF



Sjúkraþjálfun  
 Sund/Sundleikfimi  
 STJARNAN  
 JOGAleikfimi  
 Tækja salur  
 GÖNGUR



Sjúkraþjálfari

ZMAN, YMAN, GOMAN,  
 12 MAN.

LAEKNI

YMAN, GOMAN, 12MAN.

Benni	Benni	Benni
ky	ta þr	dy þr
þrið	þrið	þrið
		sykur
		tími
		lífsgei

135 löggjafarþing 2007-2008  
Þskj. 32 - 32. mál.

Reykjavík 20. nóv. 2007.


## Tillaga til þingsályktunar um hreyfiseöla heilbrigðiskerfinu

### Umsögn.

Það er okkar sannfæring að með forvörnum sem þessum megi spara stórar fjárhæðir í heilbrigðiskerfinu þegar til lengri tíma er litið. Ljóst er að offituvandinn er vaxandi í landinu. Nauðsynlegt er að ýta undir það að landsmenn verði meðvitaðir um að þeir sjálfir geta í mörgum tilfellum haft mikil áhrif á eigin heilsu/ heilsuleysi með eigin atorku. Forsvarsmenn Hreyfingar styðja heilshugar umrædda þingsályktunartillögu og telja að hér sé um að ræða afar mikilvægt skref í átt að því að bæta heilbrigðiskerfið í landinu og stuðla að betri heilsu landsmanna.

Virðingarfyllt,

f.h. Hreyfingar  
Ágústa Jóhannsdóttir, frkv. stj.




# ÍSÍ ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

## THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is, www.olympic.is



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/658*   
*komudagur 3.12.2007*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**27. nóvember 2007**

**Varðar: Umsögn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu, 32. mál.**


Þingsályktunin felur í sér að skipaður verði vinnuhópur sem kanni kostnað og ávinning af því að ávísun á hreyfingu geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustu. Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktuninni er að mörgu að hyggja m.a. menntun meðferðaraðila, hlutdeild almannatrygginga, lagaumhverfi, eftirlit og eftirfylgni. Þá er nauðsynlegt að skoða með hvaða hætti meðferðaraðilar s.s. íþróttahreyfingin, líkamsræktarstöðvar og sjúkrabjálfarar geta komið að þessu verkefni.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ fagnar fram kominni tillögu til þingsályktunar og lýsir sig reiðubúð til að tilnefna fulltrúa í vinnuhópinn, eins og kveðið er á í tillögunni.

### Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands



Ólafur Rannsson  
forseti



Líney R. Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri

ÓLYMPIÚFJÖLSKYLDAN





**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/806**  
**komudagur 5.12.2007**

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara  
Alþingi við Au sturvöll  
150 Reykjavík

des. 2007  
Seltjarnarnesi, ~~3. apríl 2006~~  
2006030261/91/SG/gh

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu, 32. mál.**

Hér er hreyft mjög þörfu máli. Hreyfing hefur réttilega mjög verið til umræðu sem einfaldur, traustur og ódýr kostur til að draga úr tilurð ýmissa sjúkdóma. Of lítið hefur verið rætt um hreyfingu sem kost við meðferð, þó margir lækna bendi sjúklingum sínum á nauðsyn hreyfingar. Mýmargar rannsóknir benda til jákvæðra áhrifa hreyfingar á gang ýmissa sjúkdóma, þ.á.m. háþrýstings, þunglyndis, offitu, stoðkerfisvandamála, taugasjúkdóma, sykursýki o.fl. Umræða um hreyfiseðil eða grænan lyfseðil hefur rutt sér til rúms í nálægum löndum og upplýsingar um árangur benda til að gagn hafi verið að. Með ávísun græns lyfseðils er meiri formfesta á ráðleggingum um hreyfingu og hún skýrari. Hins vegar er ljóst að náð samstarf heilbrigðisþjónustu, íþróttahreyfinga og jafnvel líkamsræktarstöðva er nauðsynlegt til að árangur náist. Ef til vill væri ljósasti kosturinn að tengja þetta við starfsemi í hverju sveitarfélagi eða borgarhverfis fyrir sig og ljóst er að miðpunktur starfseminnar eins og hún lýtur að heilbrigðisþjónustunni hlýtur að vera heilsugæslan.

Landlæknir styður mjög tillöguna og hvetur til að nefndin sem tillagan geri ráð fyrir verði skipuð sem fyrst þannig að nánar sé hægt að vinna með hugmyndina.

Virðingarfyllt,

---

Sigurður Guðmundsson  
landlæknir



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/659**  
**komudagur 3. 12. 2007**



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.11.2007  
Tilv. 164/2006 - 1.05.02  
GGu

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu, þingskjal 32**


Lýðheilsustöð fagnar fram kominni þingsályktunartillögu um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu og þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um tillöguna.


Lýðheilsustöð vísar til reynslu Svía, Dana og Norðmanna sem bendir til að útgáfa hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu sé góð leið til að stuðla að aukinni hreyfingu og bættu heilsufari þeirra sem þurfa á slíkum stuðningi að halda.

Tillagan gerir ráð fyrir að skipuð verði undirbúningsnefnd til að vinna að málinu og lýsir Lýðheilsustöð sig reiðubúna til að skipa fulltrúa í þá nefnd. Þar sem eitt af meginverkefnum nefndarinnar er, samkvæmt tillögunni, að meta hvort setja þurfi á laggirnar sérstakt nám eða endurmenntun fyrir þá aðila sem koma til með að hafa umsjón með áætlununum, bendir Lýðheilsustöð á að það gæti verið heppilegt að leita til fleiri fagfélaga og stofnana sem málið varðar.

Rétt er að benda á að hreyfing hefur víðtæk jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan sem einskorðast ekki við holdafar. Því er ákjósanlegt að umræða og meðferð mánsins taki mið af því. Að lokum hvetur Lýðheilsustöð til að notast verði við þá reynslu og vinnu sem þegar hefur verið lagt í bæði hér innanlands og erlendis. Í ljósi þess sem að framan er sagt mælum við eindregið með að sú leið verði farin sem tillagan gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllt  
f.h. Lýðheilsustöðvar

  
Þórólfur Þórindsson  
forstjóri

  
Gígja Gunnarsdóttir  
verkefnisstjóri hreyfingar



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi  
Erindi nr. P 135/595  
komudagur 30. 11. 2007

Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 29. nóvember 2007

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu, 32, mál**

Stjórn félagsins leitaði til Jóns Steinars Jónssonar, heimilislæknis og óskaði álits hans á málinu þar sem hann hefur sérþekkingu sem varðar málefnið. Félagið hefur ákveðið að gera umsögn hans að sinni og er hún meðfylgjandi:

“Regluleg hreyfing, þol og styrktarþjálfun er mikilvægur hluti af meðferð eða úrræðum við ýmsum kvillum og sjúkdómum.

Gera má ráð fyrir því að læknar gefi skjólstæðingum sínum oft almenn ráð um aukna hreyfingu. Árangur af slíkri ráðgjöf er eflaust einhver en breyting á lífsstíl þarf oftast en ekki mun markvissara og meira inngríp en það sem felst í einfaldri ráðgjöf.

Ávísun á hreyfingu – hreyfiseðill er leið sem gefur læknum “verkfæri” til að vinna markvissara að þeirri lífstílsbreytingu sem felst í reglulegri hreyfingu, þol og styrktarþjálfun. Lífstílsbreytingu sem telst mikilvægur hluti af meðferð margra algengra sjúkdóma.

Líta verður á þróun slíks “verkfæris” í heilbrigðisþjónustu sem kærkomið tækifæri til að bæta þjónustu og nálgast algeng heilsufarsvandamál markvisst frá öðru sjónarhorni en hefðbundið er.

Orðalag í yfirskrift og tillögunni sjálfri tel ég að megi breyta

-Fyrirsögn: .....ávísun á hreyfingu/hreyfiseðil í heilbrigðiskerfinu.

-Tillaga: Alþingi.....nefnd til að undirbúa uppbyggingu og skipulag á nýju meðferðarúrræði í heilbrigðisþjónustu sem kallast ávísun á hreyfingu eða hreyfiseðill. Slíkt úrræði felst í því að læknar geti ávísað á hreyfingu...”.

Greinargerð fylgir sem ég sé ekki ástæðu til að gera athugasemdir við.

Ég tel að Læknafélagið eigi að fagna þessari tillögu og styðja hugmyndir flutningsmanns.”

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir  
formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 135/362  
komudagur 22.11.2007



20. nóvember 2007  
HJ/áv

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umsögn frá Reykjalundi, endurhæfingarmiðstöð SÍBS  
135. löggjafarþing 2007-2008.  
Þskj. 32 – 32. mál.

Tillaga til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.  
Flm. Ásta R. Jóhannesdóttir.

Árið 2005 barst nefndasviði Alþingis umsögn Reykjalundar, undirrituð af Hjördísi Jónsdóttur lækningaforstjóra og Ludvig Guðmundssyni yfirlækni offitusviðs. (Sjá ljósrit af fyrri ályktun). Starfsfólk Reykjalundar er enn sama sinnis. Það fagnar framkominni þingsályktunartillögu um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.

Talið er að rekja megi allt að 70% langvinnra sjúkdóma til óheppilegra lifnaðarháttá fólks. Hreyfingarleysi, röng næring, offita, lítill svefni, streita og reykingar eru stórir orsakapættir. Fleiri og fleiri rannsóknir birtast sem styðja gildi hreyfingar, holls mataræðis og reykleysis í forvörnum gegn fjölda sjúkdóma. Hér má nefna lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma, sykursýki og offitu.

Mikilvægt er að leggja aukna áherslu á hlutdeild og ábyrgð sjúklinga sjálfra í eigin heilsu og leiðbeina þeim og styðja til að takast á við þá ábyrgð. Hreyfilyfseðlar er mjög góður valkostur í þessu samhengi. Þegar boðið er upp á nýtt úrræði er mikilvægt að vel verði staðið að allri framkvæmd. Starfsfólk Reykjalundar fagnar því að hreyfiseðlar hafa verið teknir upp í tilraunaskyni á a.m.k. einni heilsugæslustöð. Við styðjum þá tillögu sem kemur fram í þingsályktuninni um skipan nefndar til undirbúnings þess að hreyfing geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustunni.

Við lýsum því aftur yfir eindregnum stuðningi okkar við framkomna þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt,

Hjördís Jónsdóttir lækningaforstjóri.

Fskj.:

Umsögn frá Reykjalundi, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.  
132. löggjafarþing 2005-2006. Þskj 220-220 mál.



REYKJALUNDUR  
endurhæfing

**Umsögn frá Reykjalundi, endurhæfingarmiðstöð SÍBS  
132. löggjafarþing 2005-2006. Þskj 220-220 mál.**

**Tillaga til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu.**

Starfsfólk Reykjalundar fagnar framkominni þingsályktunartillögu.

Við fögnum einnig því sem kom fram í fyrirspurnartíma á Alþingi um að Heilsumgæslustöðin í Garðabæ væri farin að undirbúa innleiðingu svokallaðra hreyfiseðla. Læknum ætti í dag að vera mögulegt að vísa á hreyfingu og næringarráðgjöf á sama hátt og hægt er að ávísa á lyf.

Talið er að rekja megi allt að um sjötiú prósent langvinnra sjúkdóma til óheppilegra lífnaðarháttanna fólks. Hreyfingarleysi, röng næring, offita, lítill svefn, streita og reykingar eru stórir orsakapættir. Tekist hefur að hafa áhrif á neyslu tóbaks í þá átt að draga úr neyslu þess. Lög og reglugerðir sem takmarka reykingar hafa verið sett, stuðningur við þá sem eru að hætta reykingum er veittur með símaráðgjöf og fræðsla um skaðsemi tóbaksreykinga hefur verið öflug.

Offita er vaxandi vandamál í heiminum. Ísland og Reykjalundur hafa ekki farið varhluta af því. Offita meðal fullorðinna Íslendinga hefur vaxið um 100% á árunum 1975 - 2000 skv. tölum Hjartaverndar.

Fylgst hefur verið með þyngd þeirra sjúklinga sem leggjast inn á Reykjalund síðustu 12 árin og hefur þyngd sjúklinga farið vaxandi. Á það við um flest meðferðarsviðin. Þannig voru 27% innlagðra sjúklinga árið 1994 offeitir (BMI>30), en 2005 var sú tala komi í 47% og eru þá þeir sem koma í offitumeðferðina **ekki** meðtaldir. Þetta sýnir jafnframt tengsl offitu og sjúkleika.

Nauðsynlegt er að heilbrigðisþjónustan geti nýtt þau verkfæri sem til eru til að fást við stærstu heilsufarsvandamál okkar tíma, lífsstílsvandamálin. Það hefur sýnt sig, m.a. í starfi Reykjalundar, að fleira þarf að koma til en lyf og skurðaðgerðir. Leggja þarf aukna áherslu á hlutdeild og ábyrgð sjúklinganna sjálfra í eigin heilsu og leiðbeina þeim og styðja til að takast á við þá ábyrgð.

Þar koma til þættir eins og að bæta hreyfingu, næringu, svefn draga úr streitu, draga úr neyslu tóbaks og vímuefna svo dæmi séu nefnd.

Lyfseðill á hreyfingu og þjálfun er góður valkostur í þessu samhengi. Æskilegt er að vel verði staðið að framkvæmd þessa úrræðis því takist illa til er hætt við að veigamikill þáttur í bættri heilsu fólks verði vanmetinn og falli í skuggann.

Til er í landinu stór hópur fólks með fullnægjandi menntun í hreyfingar- og næringarfræðum. Skapa þarf þessu fólki betri möguleika á að geta verið stuðningsaðilar fyrir fólk sem er að breyta um lífsstíl og skapa læknum möguleika á að geta beitt þessu meðferðarúræði með svipuðum fjárhagslegu stuðningi frá hinu opinbera og á við þegar lyf eru notuð.

Reykjalundur lýsir því eindregnum stuðningi við framkomna þingsályktunartillögu.

Hjördís Jónsdóttir lækningaforstjóri  
Reykjalundi

Ludvig Guðmundsson yfirlæknir  
offitusviðs Reykjalundar

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/458  
komudagur 27.11.2007

Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2007  
KG/SLB/006/07


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu,  
32. mál.**

Vísað er til bréfs heilbrigðisnefndar Alþingis dags. 14. nóvember 2007 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um tillögu til þingsályktunar, um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfmu.

Tryggingastofnun fagnar því ef hægt er að hvetja einstaklinga til aukinnar hreyfingar. Ljóst er að hreyfing bætir líðan einstaklinga og jafnframt getur hún komið í veg fyrir eða dregið úr ýmsum sjúkdómseinkennum. Með bættri heilsu má jafnframt draga úr útgjöldum samfélagsins.

Tryggingastofnun var bakhjarl verkefnisins „Hreyfiseðill - ávísun á hreyfingu”, sbr. fylgiskjal með þingsályktunartillögunni. Á kynningarfundum sem nemarnir héldu í lok verkefnisins í Tryggingastofnun með aðkomu fulltrúa Lýðheilsustöðvar, landlæknis, heilsugæslu, sjúkráþjálfara o.fl. var það niðurstaða fundarins að vísa málinu til Lýðheilsustöðvar til frekari útfærslu. Jafnframt kom þar fram að gæta þurfi allrar varúðar varðandi ávísun á greiðslu úr almannatryggingakerfmu vegna hreyfingar. Var sú niðurstaða einkum í ljósi þess að forðast beri að „sjúkdómsvæða” hreyfinguna og koma í veg fyrir að sérstakar ávísanir á hreyfingu og hreyfing sem meðferðarúrræði fari fram á kostnað sjúkratrygginga landsmanna. Í ljósi framangreindra athugasemda styður Tryggingastofnun að sérstakri nefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra verði falið að skoða þetta mál betur. Með hliðsjón af eðli verkefnisins og setu bæði fulltrúa frá landlækni og frá heilsugæslunni í nefndinni leggur Tryggingastofnunin hins vegar til að í stað fulltrúa frá Læknafélagi Íslands sitji þar frekar fulltrúi frá Iðjuþjálfafélagi Íslands. Þá óskar Tryggingastofnun eftir því að fá að tilnefna fulltrúa til setu í nefndinni.

Virðingarfyllst,

  
Sigríður Lilly Baldursdóttir  
starfandi forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS





Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2007

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um hreyfiseöla í heilbrigðiskerfinu, 32. mál.**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um hreyfiseöla í heilbrigðiskerfinu.

ÖBÍ tekur undir efni þingsályktunartillögunnar og mælir með samþykki hennar.

Virðingarfyllst,  
f.h. ÖBÍ

  
Hafdís Gísladóttir  
framkvæmdastjóri